



## Hverfisgata 14 - Lóðarstækkun

Sótt er um lóðarstækkun, 3m við götu og 5m frá götu, skv. uppdrætti og bílastæði á þeim reit sem stækkunin nær til.

### Umsögn skipulagsfulltrúa:

Sambærilegt erindi barst þann 15.9. 2018 til bæjarins. Var því synjað á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 09.10.2018.

Bókun fundarins:

*Inngangur: Tekið fyrir á ný nýtt erindi Guðrúnar B. Þórsdóttur dags. 15.9.2018 þar sem sótt er um stækkun lóðarinnar Hverfisgata 14 til norðvesturs.*

*Niðurst.: Skipulags- og byggingarráð synjar umsókninni með vísan til fyrri umsagnar umhverfis- og skipulagsþjónustu dags. 14.07.2017.*

Í ljósi þess að fosendur eru óbreyttar frá fyrri erindum sama efnis, er vísað til ofangreindrar umsagnar, dags. 14.07.2017, þar sem segir:

*“Í deiliskipulagi hverfisins „Miðbær Hraun Vestur“ er gert ráð fyrir almenningsbílastæðum meðfram Hverfisgötu, m.a. við lóð nr. 14. Í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir stækkun lóðarinnar að Hverfisgötu 14, en með umbeðinni stækkun yrði gengið á opið almenningssvæði sem liggur milli Austurgötu og Hverfisgötu og aðkomu að því á milli lóðanna Hverfisgötu 12 og 14. Gert er ráð fyrir flutningshúsi á lóð nr. 12 við Hverfisgötu samkvæmt deiliskipulaginu.*

*Framkvæmd sú, sem umsækjandi hefur hug á, fæli í sér skerðingu á almenningsstæðum í götunni, þ.e. fækkun um 1 – 2 stæði. Í Samþykkt um Bílastæðasjóð Hafnarfjarðar, samþykkt í bæjarstjórn 15.02.2017, segir: „Verkefni Bílastæðasjóðs er að eiga bílastæði fyrir almenning utan skilgreindra lóða í miðbænum og víðar við götur og opin svæði.“*

*Jafnframt fæli framkvæmdin í sér skerðingu á ofangreindu almenningssvæði og aðkomu að því.*

*Bæjaryfirvöld geta almennt ekki fallist á skerðingar sem þessar. Einnig er bent á að hætta getur skapast við að bakka úr stæði út á þrönga götuna.”*

Umsögnin hér að ofan á jafn vel við nú sem áður og stendur því óbreytt hvað varðar stækkun lóðarinnar sem sótt er um.

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur  
Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar